



368. Stjórnarfundur haldinn 23. febrúar 2011 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður M. Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá: UMFÍ þar sem farið er yfir áhersluatriði sem fjallað var um á 12.

stjórnarfundum UMFÍ 4. febrúar síðastliðinn (landsmót 50+, stöðu mála gagnvart VBS og 37. sambandsráðsfund UMFÍ). **Móttakið.**

UMFÍ þar sem auglýst er eftir mótshaldara landsmóts 50+. **Móttakið og ákveðið að sækja ekki um.**

Tölvupóstur frá Katherine Rose Jónsdóttur v/leigu á sal undir fermingarveislu. **Ekki er búið að ákveða með hvaða hætti salurinn verður leigður út. Næsta stjórn mun fara í það skoða það. Salurinn er upptekin þennan umbeðin dag en þá leikur Keflavík við ÍBV. Framkvæmdastjóra falið að svara viðkomandi.**

3. Send bréf.

Bréf sent á Öldu Pálsdóttur þar sem spurningum forvarnarnefndar UMFÍ er svarað. Boðsbréf send út v/aðalfundar Keflavíkur.

4. Aðalfundur 2011.

EH fór yfir dagskrá fundarins. PMK fór yfir reikningana og skýrði niðurstöður þeirra. EH fór yfir þær lagabreytingar sem lagðar verða fyrir fundinn. Tillögur klárar.

5. Önnur mál.

EH sagði frá því að Helgi Hólm hafi óskað eftir því að félagið myndi standa fyrir innanfélagsmóti í frjálsum þar sem keppt yrði í hástökki. **Tekið jákvætt í erindið og framkvæmdastjóra falið að undirbúa mótið.** Herrakvöld knattspyrnudeildar verður haldið 26. feb. EH lagði til að næsta stjórn tæki á því með hvaða hætti væri farið með útleigu á sölum félagsins og þann búnað sem ætti að vera til staðar. **Samþykkt að fela nýrri stjórn málið.** EH var heiðursgestur á bikarleik Keflavíkur og KR. Aðalstjórn óskar stjórn körfuknattleiksdeildar og nýkrýndum bikarmeisturum kvenna í körfuknattleik til hamingju með titilinn. Umræður um afrekssjóð innan félagsins varðandi íslandsmeistara- og bikarmeistaratitla. Sundsamband Íslands mun sæma Sigurvin Guðfinnsson silfurmerki sambandsins á 25. þingi sambandsins þann 25. febrúar. Sundsambandið er 60 ára um þessar mundir. Stjórnarmenn óskuðu SG til hamingju. Nokkrar umræður um heiðursviðurkenningar innan félagsins. GA lagði farm tillögum um að það yrði keypt útvarp inn á skrifstofu aðalstjórnar. **Umræður um málið og tillagan feld.**

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:10
Fundinn ritaði SG

